

Heilbrigðisráðuneytið
Willum Þór Þórsson ráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2022

Efni: Mat á ólíkum valkostum vegna viðbragða við heimsfaraldri kórónuveirunnar

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til reglugerðar ráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem tók gildi 15. janúar sl. Með reglugerðinni er þrengt verulega að athafna- og atvinnufrelsi, m.a. með tíu manna samkomutakmörkun og með því að gera sumum fyrirtækjum að loka starfsemi sinni. Félag atvinnurekenda gætir hagsmuna fjölda fyrirtækja, einkum minni og meðalstórra, sem verða fyrir miklum búsifjum vegna svo harðra sóttvarnaaðgerða.

Enn sem komið er hafa mjög takmarkaðar mótvægisáðgerðir verið kynntar af hálfu stjórnvalda og beinast þær einkum að veitingageiranum, þótt ljóst sé að fyrirtæki í margvíslegri starfsemi verði fyrir tjóni. Þá sýnir reynslan af fyrri stigum faraldursins glögglega að viðspyrnu- og lokunarstyrkir og aðrar mótvægisáðgerðir bæta fyrirtækjum eingöngu lítinn hluta þess tjóns, sem harðar sóttvarnaaðgerðir valda. Áðgerðirnar leiða eðlilega af sér verulegt högg fyrir atvinnulífið, með tilheyrandi afleiðingum fyrir afkomu fyrirtækja og hagvöxt í landinu. Óhjákvæmilega hefur slíkt bakslag svo áhrif á tekjur ríkissjóðs og þar með getu hans til að bregðast við með stuðningsáðgerðum.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis, dags. 13. janúar 2022, sem birt var um leið og reglugerð ráðherra, voru gerðar tillögur um herðingu sóttvarnaaðgerða. Ljóst er af texta minnisblaðsins að það sem fyrst og fremst liggur að baki tillögum sóttvarnalæknis eru áhyggjur hans af getu Landspítalans til að fást við veikindi af völdum kórónuveirufaraldursins. Jafnvel þótt ómikron-afbrigði kórónuveirunnar valdi síður alvarlegum veikindum en fyrri afbrigði, þýðir meira smitnæmi afbrigðisins og mikill fjöldi smita að fleiri þurfa að leita á náðir heilbrigðiskerfisins vegna veikinda af völdum veirunnar.

Þannig segir í minnisblaðinu að þótt mikið hafi verið gert til að auka afkastagetu heilbrigðiskerfisins og þá sérstaklega sjúkrahússkerfisins, sé ljóst að með vaxandi fjölda innlagna COVID-19 sjúklinga mun frekari neyð geta skapast í heilbrigðiskerfinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og er þar rætt um „algjört neyðarástand í heilbrigðiskerfi landsins og margvíslegri starfsemi innanlands“.

„Takmark aðgerða núna ætti að vera að halda áfram uppbyggingu á heilbrigðis- og spítalakerfi landsins samhliða því að ná fjölda samfélagslegra smita niður í viðráðanlega fjölda um 500 smit á dag ef reiknað er með að um 0,2–0,3% greindra þurfi á spítalavist að halda,“ segir í minnisblaði sóttvarnalæknis.

Í minnisblaðinu er í framhaldinu stillt upp þremur valkostum, sem eru í fyrsta lagi óbreyttar áðgerðir, í öðru lagi hertar sóttvarnaaðgerðir á þeim nótum sem kveðið er á um í áðurnefndri reglugerð ráðherra og í þriðja lagi mjög strangar takmarkanir í stuttan tíma, þar sem m.a. yrði kveðið á um lokanir fyrirtækja og stofnana.

Félag atvinnurekenda telur ástæðu til að spyrja hvort fleiri valkostir hefðu átt að koma til skoðunar er ráðherra tók ákvörðun um hertar sóttvarnaaðgerðir, m.a. ýmsar áðgerðir sem gripið hefur verið til í öðrum Vestur-Evrópulöndum. Félagið beinir því eftirfarandi spurningum til ráðherra:

1. Var lagt mat á kostnað atvinnulífsins og eftir atvikum ríkissjóðs af þeim sóttvarnaaðgerðum sem ákveðið var að ráðast í? Ef ekki, hvers vegna ekki?

2. Ýmis vestræn ríki hafa gengið mun lengra í viðbúnaði heilbrigðiskerfisins við faraldrinum en hér hefur verið gert, m.a. með mikilli fjölgun gjörgæzlurýma. Var sá kostur tekinn til skoðunar að ráðast í mun stærra átak til að efla Landspítalann og aðrar heilbrigðisstofnanir en lýst er í fréttatilkynningu ráðuneytisins frá 14. janúar síðastliðnum? Ef ekki, hvers vegna ekki?
3. Var kostnaður af slíku átaki borinn saman við þann kostnað, sem atvinnulífið og ríkissjóður bera af hertum sóttvarnaráðstöfunum? Ef ekki, hvers vegna ekki?
4. Ítrekað hefur komið fram að óbólusettir einstaklingar valdi hlutfallslega miklu stærra hluta af álagi á heilbrigðiskerfið vegna kórónuveirusmita en bólusettir. Var lagt mat á þann kost að fara t.d. svipaða leið og gert hefur verið í Austurríki; að heimila óbólusettum eingöngu að yfirgefa heimili sitt til að sækja vinnu og kaupa inn nauðsynjar? Ef ekki, hvers vegna ekki?
5. Var lagt mat á þann kost að gera bólusetningu að skyldu nema læknisfræðilegar ástæður mæli á móti því, t.d. fyrir einstaklinga sem náð hafa tilteknum aldri, sbr. lagasetningu um slíkar aðgerðir í t.d. Austurríki og á Ítalíu? Ef ekki, hvers vegna ekki?
6. Var lagt mat á þann valkost að gera framvísun bólusetningarvottorðs að skilyrði fyrir inngöngu í t.d. skóla, veitingastaði og menningarstofnanir, almenningsgöngur og til að nota þjónustu þar sem veitt er þjónusta sem krefst nándar við viðskiptavini, líkt og gert hefur verið í Danmörku? Ef ekki, hvers vegna ekki?

Félag atvinnurekenda telur mikilvægt að stjórnvöld horfi til allra þeirra valkosta í baráttunni við faraldurinn sem dregið geta eins og hægt er úr líkum á því að neyðarástand skapist í heilbrigðiskerfinu, um leið og leitast er við að lágmarka hinn efnahagslega skaða af sóttvarnaaðgerðum og halda atvinnulífinu gangandi eins og framast er kostur.

Að mati FA hlýtur að koma til skoðunar að beita aðgerðum sem snerta fremur smærri hópa en allan þorra almennings og fyrirtækja, að því gefnu að þær geti skilað sama eða betri árangri í glímunni við faraldurinn. Þegar takmarkandi ráðstöfunum er beitt til að ná lögmætu markmiði er það í samræmi við skilyrði meðalhöfsreglu að beita slíkum ráðstöfunum aðeins að því marki sem þær mæta þeim markmiðum sem að er stefnt. Sé það t.a.m. svo að verið sé að vinna gegn innlögnum tiltekins hóps einstaklinga er það andstætt sjónarmiðum meðalhöfsreglunnar að beina takmarkandi ráðstöfunum að hinum breiða fjölda, en ekki fyrst og fremst einstaklingum sem falla innan þess hóps. Eftir því sem sóttvarnaaðgerðir verða meira íþyngjandi fyrir einstaklinga og atvinnulíf verður að gera strangari kröfu um gagnsemi þeirra og að þær nái því markmiði sem stefnt er að. Þannig verður að gera þá skilyrðislausu kröfu að beint orsakasamband sé á milli þeirra aðgerða sem gripið er til og þess markmiðs sem stefnt er að. Stjórnvöld hljóta ævinlega að taka þann kost sem nær markmiðinu án ónauðsynlegs kostnaðar fyrir samfélagið í heild.

Félagið telur nauðsynlegt að opinská umræða fari fram um fleiri valkosti en þá sem stillt var upp í minnisblaði sóttvarnalæknis. Alltént er ekki vænlegt að útiloka aðgerðir, sem gripið hefur verið til í nágrannalöndum Íslands.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA